

Persónuvernd
Rauðarástíg 10
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2021

Efni: Viðbótarumsögn um drög að skilmálum í starfsleyfum til fjárhagsupplýsingastofa

Í samráði við fulltrúa Persónuverndar á fundi sem haldinn var þann 19. febrúar sl., var ákveðið að embætti umboðsmanns skuldara myndi skila viðbótarumsögn um drög að framangreindum skilmálum.

Þessi viðbótarumsögn er tilkomin vegna þeirrar kynningar sem embættið fékk nýlega hjá fulltrúum Creditinfo, á lánsþáttum fyrirtækisins. Á kynningunni komu í ljós þær upplýsingar, sem embættinu var ekki kunnugt um, að allir einstaklingar sem fá samþykka umsókn um greiðsluáætlögun, fá sjálfkrafa lánsþáttseinkunnina D2 í lánsþáttum fyrirtækisins. Einkunnin D2 er til marks um að viðkomandi telst ekki hafa að fá lán eða standa við skuldbindingar sínar. Er sú einkunn alltaf í tvö ár frá því að innköllun er gefin út í Lögbirtingablaði.

Embættið er ósatt við að allir samþykktir umsækjendur um greiðsluáætlögun fái þessa einkunn sjálfkrafa og vill því á grundvelli þessara nýju upplýsinga, ítreka mótmæli gegn því að fyrirtækið fái að nýta upplýsingar um greiðsluáætlögun, hvort sem er í lánsþáttum eða með öðrum hætti. Embættið óskar því eftir því að það verði fellt úr skilmálunum heimild til að nýta upplýsingar um innkallanir til lánardrottna vegna umsókna um greiðsluáætlögun.

Embættið byggir rök sín fyrir framangreindu á þeirri staðreynd að Creditinfo hefur engar upplýsingar um stöðu þeirra einstaklinga sem leita greiðsluáætlögunar. Creditinfo byggir þá ákvörðun sína að færa alla samþykka umsækjendur í lánsþáttseinkunnina D2 á því að innköllun í Lögbirtingablaði vísi til þess að umsækjendur glími við fjárhagsvanda. Þess ber þó að gæta að umsækjendur um greiðsluáætlögun geta verið í skilum með kröfur sínar þegar þeir fá samþykka umsókn um greiðsluáætlögun. Ef umræddir umsækjendur hefðu ekki leitað greiðsluáætlögunar og náð að semja við kröfuhafa sína utan ferlisins, þá væru þeir ekki með umrædda einkunn.

Þá er Creditinfo ekki með neinar upplýsingar um hvernig mál umsækjanda endar og hvers efnis samningarnir eru. Einstaklingur kann að fá samning um greiðsluáætlögun sem er þess efnis að honum ber að greiða upp allar skuldbindingar sínar á grundvelli ákveðinnar greiðsluáætlunar eða veittur er tímabundinn greiðslufrestur. Þá getur einstaklingur jafnframt afturkallað umsókn sína um greiðsluáætlögun, t.d. ef hagar hefur vænkast eða vegna þess að viðkomandi nær að semja við sína kröfuhafa. Einstaklingar sem afturkalla umsókn sína um greiðsluáætlögun eru engu að síður komnir með lánsþáttseinkunnina D2 nema þeir komi á framfæri sannanlegum upplýsingum um að þeir hafi afturkallað umsókn sína. Í því sambandi veltir embættið fyrir sér hvort og þá hvernig Creditinfo hefur leiðbeint þeim einstaklingum sem hafa afturkallað umsókn sína um greiðsluáætlögun, að þeir geti komið á framfæri upplýsingum um afturköllunina til Creditinfo. Þá getur enginn veitt formlega staðfestingu um að umsókn hafi verið afturkölluð nema embætti umboðsmanns skuldara.

Þrátt fyrir að upplýsingar um úrræði, sem eru sambærileg úrræði greiðsluaðlögunar, kunni að hafa áhrif á lánsþæfismat í einhverjum nágrannaríkja okkar, þá vill embættið taka fram að með umræddum skilmálum sem eru til umsagnar, er einkafyrirtæki að fá ótakmarkað vald til að ákveða vægi þeirrar breytu, sem innköllun í Lögbirtingablaði er, í lánsþæfismati sínu. Það er spurning hvort slíkt sé eða yrði heimilað í nágrannaríkjum okkar.

Þá vill embættið jafnframt vekja athygli á að í grein 5.3. í skilmálunum, er rætt um að afskrá skuli upplýsingar um greiðsluaðlögun þegar greiðsluaðlögunartímabili er lokið. Creditinfo fær eingöngu upplýsingar um lengd samninga, ef einstaklingar óska eftir með milligöngu UMS að skráningar séu teknar af vanskilaskrá, í kjölfar þess að samningur um greiðsluaðlögun tekur gildi. Að öðrum kosti getur Creditinfo ekki afskráð upplýsingarnar. Í þessu sambandi veltir embættið fyrir sér heimildinni til að skrá umrædda lánsþæfiseinkunn ávallt í tvö ár frá innköllun, í ljósi umrædds ákvæðis um að afskrá upplýsingar þegar greiðsluaðlögunartímabilinu er lokið. Greiðsluaðlögunarferlið frá því að innköllun er gefin út og þar til tímabil greiðsluaðlögunar er lokið getur verið mun styttra en tvö ár.

Embættið vill jafnframt minna á að samkvæmt þeim skilmálum sem eru til umsagnar, skal aðeins vinna með upplýsingar við gerð skýrslna um lánsþæfi að þær hafi raunverulegt vægi við mat þar að lútandi. Þar sem Creditinfo er ekki með upplýsingar um stöðu umsækjenda um greiðsluaðlögun né niðurstöðu greiðsluaðlögunar, má telja að fyrirtækinu sé ekki stætt á því að láta alla einstaklinga sem leita greiðsluaðlögunar fá sömu lánsþæfiseinkunnina.

Líkt og embættið rakti á fundinum, getur umrædd lánsþæfiseinkunn haft mikil áhrif á líf fólks og dæmi er um að einstaklingar hætti við að leita greiðsluaðlögunar vegna umræddrar lánsþæfiseinkunnar. Í lögum um greiðsluaðlögun er ekkert sem leggur bann við því að einstaklingar takist á hendur skuldbindingar á tímabili greiðsluaðlögunar. Það er eingöngu óheimilt meðan tímabundin frestun greiðslna stendur yfir og þar til samningur kemst á. Samkvæmt þessu fyrirkomulagi Creditinfo, þá er einstaklingur fastur með umrædda lánsþæfiseinkunn jafnvel þótt tímabil greiðsluaðlögunar er liðið. Verulegir fjárhagslegir hagsmunir geta verið í húfi, t.d. út frá endurfjármögnun lána.

Embættið vill jafnframt vekja athygli á þeim hópi sem getur haft þörf fyrir greiðsluaðlögun, vegna þeirra afleiðinga sem Covid19 hefur haft á þjóðfélagið. Um getur verið að ræða einstaklinga sem hafa alltaf verið í skilum en þurfa mögulega á tímabundinni frystingu að halda þar til atvinnuástandið lagast. Það segir sig sjálfst að það hefur letjandi áhrif að leita sér aðstoðar ef Creditinfo hefur vald til að ákveða lánsþæfiseinkunnina með þessum hætti. Greiðsluaðlögun er félagslegt úrræði á vegum ríkisins og felur ekki í sér sjálfkrafa eftirgjöf krafna, líkt og er á Norðurlöndum. Það er ákveðin skekkja að einn armur ríkisins sé að hvetja einstaklinga til að leita greiðsluaðlögunar þegar þörf er á, meðan annar armur ríkisins veitir einkafyrirtæki heimild til að nýta upplýsingar um greiðsluaðlögun með þessum hætti.

Þrátt fyrir að á lánveitanda hvíli skylda til kanna lánsþæfi samkvæmt lögum, þá telur embættið að hægt sé að undanskilja upplýsingar um greiðsluaðlögun, þar sem Creditinfo sem fjárhagsupplýsingastofa, hefur heimild til að nýta viðamikil magn af öðrum upplýsingum, þ. á m. um vanskil krafna. Af því leiðir að hægt er að útbúa lánsþæfismat í samræmi við kröfur.

Að lokum vill embættið vekja athygli Persónuverndar á því að embættið telur þörf fyrir að afla yfirlita af vanskilaskrá frá Creditinfo vegna vinnslu mála hjá embættinu.

Embættið byggir upplýsingaöflun sína á lagaheimildum, þ.e. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 100/2010, 2. mgr. 5. gr. laga nr. 101/2010 og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2014.

Ákvæðið í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 100/2020 hljóðar svo:

Þegar einstaklingur óskar eftir aðstoð umboðsmanns skuldara skal umboðsmaður afla þeirra upplýsinga sem hann telur nauðsynlegar, á því stigi málsmeðferðar sem við á hverju sinni, til að geta sinnt hlutverki sínu samkvæmt hlutaðeigandi lögum. Upplýsinganna skal aflað frá skuldara, opinberum aðilum og einkaaðilum, svo sem um tekjur, gjöld, eignir, skuldir, ábyrgðir, framfærslu- og húsnæðiskostnað sem og framferði einstaklingsins. Ber framangreindum aðilum að veita umboðsmanni skuldara umbeðnar upplýsingar án endurgjalds búi þeir yfir þeim. Upplýsingaöflun umboðsmanns skuldara er háð því skilyrði að hún sé nauðsynleg, að mati umboðsmanns, til að hann geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum.

Á grundvelli framangreinda lagaheimilda aflar embættið upplýsinga frá fjölmörgum einkaaðilum og opinberum aðilum gjaldfrjálst. Embættið sinnir jafnframt fræðsluskyldu sinni gagnvart hinum skráða, þar sem hann fær ítarlegar upplýsingar um hvernig embættið nýtir umræddar lagaheimildir.

Embættið hefur átt í viðræðum við Creditinfo um að fá yfirlit yfir vanskilaskrá sent gjaldfrjálst og þá mögulega með öðrum hætti en í gegnum áskrifendavefinn, þar sem hann er fyrir áskrifendur sem greiða fyrir þjónustu. Creditinfo vísar til þess að það sé bundið af tilkynningarskyldu um uppflettingar gagnvart hinum skráða, þrátt fyrir að embættið hafi lagaheimild til að fá upplýsingar. Að sama skapi vill það rukka embættið fyrir kostnaðinn sem hlýst af þessum tilkynningum. Þá var Creditinfo með hugmyndir uppi um að embættið myndi afhenda samþykki frá hinum skráða þess efnis að hann væri samþykkur því að vera ekki tilkynnt um uppflettinguna af hálfu Creditinfo. Vegna þessa vill embættið beina því til Persónuverndar hvort hægt sé að tilgreina það í skilmálunum að tilkynningarskyldan um uppflettingar eigi ekki við þegar stjórnvöld óski eftir upplýsingum á grundvelli lagaheimildar.

Virðingarfyllst,

Ásta S. Helgadóttir
umboðsmaður skuldara